

POP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • JANÚAR 2011



ÁRNI HJÖRVAR

BASSALEIKARI THE VACCINES
ER NÝ ÚTFLUTNINGSVARA
ÍSLANDS TIL BRETLANDS



Vertu með Netið
í símanum
0kr. í dag föstudag*



VERTU MEÐ

www.facebook.com/ringjarar www.ring.is / m.ring.is

*Miðast við notkun innanlands, 100 MB innan dagsins.

**HORFÐU ...**

... Á þáttinn hans Egils Gillzenegger, Mannasiðir Gillz. Það má ýmislegt segja um þetta kjötstykki, en auglýsingarnar lofa einfaldlega góðu. Hann er með frábæra leikara á borð við Gísla Örn, Egil Ólafs og Eddu Björgvins með sér í liði og þetta virðast ætla að verða myndir þættir.

En svo bíðum við auðvitað eftir annarri þáttaröð af Steindanum okkar sem hefst í vor.

ÞURRKAÐU ...

... Tárin og horfðu á leik Íslands og Króatíu í dag. Strákarnir ollu þér vonbrigðum þegar þeir töpuðu þremur leikjum í röð í milliriðlinum, en þeir eru að fara að spila upp á fimmta sætið sem er bara nokkuð gott. Svo eru þeir öruggir í undankeppnina fyrir Ólympíuleikana í London á næsta ári. Þurfum ekki að pæla í handbolta þangað til.

**HLUSTAÐU ...**

... Á tónlistina sem þú misstir af í fyrra. Ertu búin/n að hlusta á plötuna sem Arcade Fire gaf út í fyrra? Hvað með plötu ársins í Fréttablaðinu, hina frábæru High Violet með The National? En My Beautiful Dark Twisted Fantasy með Kanye West? Ef svörin við öllum þessum spurningum eru „nei“ þarftu að taka þig á, loka þig inni og hlusta á allar plöturnar til að vera viðræðuhæf/ur.



POPP er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
Ritstjóri: Atli Fannar Bjarkason
 atlifannar@frettabladid.is
Útlitshönnun: Arnór Bogason
Sölustjóri auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson
 benediktj@365.is • sími 512 5411
Útgefandi: 365 hf.

NÝR ROKKSTJÓRI Á ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

„Stór titill, maður,“ segir Jón Þór Þorleifsson, nýráðinn rokkstjóri tónlistarhátíðarinnar Aldrei fór ég suður.

Jón Þór tekur við starfinu af Hálfðáni Bjarka Hálfðánssyni, sem var rokkstjóri frá árinu 2007. Aldrei fór ég suður er árleg hátíð og fer ávallt fram á Ísafirði um páskana. Jón Þór er titlaður smali í síma-skránni, en gæti vel hugsað sér að breyta því. „Það liggur við að smalatitillinn hverfi – kannski þegar ég er búinn að vera rokkstjóri í nokkur ár,“ segir hann.

En er rokkstjórinn mikill rokkari?

„Ég er alltaf til í að rokka og róla. Eða eitthvað,“ segir Jón. „Ég hef náttúrulega verið viðloðandi þessa hátíð öll árin og jú, ég er allavega mikill Aldrei fór ég suður-rokkari.“

Jón hefur tekið þátt í skipulagningu hátíðarinnar frá upphafi, ef hátíðin í fyrra er undanskilin, og er því öllum hnútum kunnugur. Hann segir enga hallarbyltingu fylgja ráðningu

Framhald á síðu 4

MEÐMÆLI FRÁ LIAM GALLAGHER ERU KOSS DAUÐANS

Árni Hjörvar úr hljómsveitinni The Vaccines er á forsiðunni á Popp þessa vikuna. Í viðtalinu sem hefst á blaðsíðu átta fer hann um víðan völl og segir meðal annars frá viðbrögðum hljómsveitarfélaga sinna þegar Liam Gallagher sagði í viðtali við NME að The Vaccines væri leiðinleg hljómsveit.

„Þegar þetta gerðist þá fór af stað tölvu-póstabryjalæði á milli okkar allra vegna þess að við vorum svo ánægðir með að Liam Gallagher hafi heyrt um okkur,“ segir Árni. „En það er eiginlega koss dauðans fyrir hljómsveitir ef Liam Gallagher líkar við þær því hann kann að meta lélega tónlist. Það er frekar ömurlegt að fá hrós frá honum. Söngvarinn okkar er reyndar mikill Oasis-aðdáandi frá því í gamla daga, þannig að hann var smá fúll. En hann gerði reyndar ekki ráð fyrir því að Liam Gallagher myndi kunna að meta okkur. En ég held að það sé öllum sama um hvað aumingja karlinn segir í dag.“

Framhald á síðu 8



RUGLAÐUR Liam Gallagher er vanur að fara ekki í grafgötur með skoðanir sínar.

prófaðu LIFE IS BEAUTIFUL

Wishbone samloka
Kr. 1.995.-

Grillhúsið



Fáðu þér tyggjó eftir hverja máltíð

WRIGLEY'S
Extra®

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...



Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylitols sem
aðalsætuðefnis í tyggigúmmi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

HELGISÍÐIR WHITE LIES

Ritual er önnur plata hljómsveitarinnar White Lies. Fyrsta platan, *To Lose My Life...* kom út árið 2009 og naut talsverða vinsælda í Bretlandi. Hljómsveitin blandar leikvangarokki U2 og Coldplay saman við drunga níunda áratugarins með nokkuð misjöfnum árangri, en fyrsta platan var fín. Ekkert meira en það.

Eins og smáskífulagið *Bigger than Us* gefur til kynna býður White Lies upp á meira af því sama á *Ritual*. Hljómsveitin var augljóslega með fagmenn með sér í hljóðverinu því platan hljómar vel. Hún er öflug, notkun hljóðgervla er skemmtileg – hvort sem þeir eru notaðir til að framkvæma aukahljóð eða bassa. En það er ekki nóg að vera með tæknina með sér í liði til að gera góða plötu og lagasmíðarnar draga *Ritual* niður.

Þó eru nokkur góð lög á plötunni. Það besta er vafalaust *Strangers*, sem blandar

saman hreinræktuðu 80s-poppi og nútímarokki á snilldarlegan hátt. Æðislegt lag. Smáskífan *Bigger than Us* er líka flott og *Turn the Bells* hefði alveg eins getað komið út fyrir tuttugu árum. Þið þurfið bara að hlusta á byrjun lagsins til að trúa mér.

Platan er að öðru leyti ekki nógu góð og hljómar hreinlega eins og hún sé framleidd í verksmiðju. Þá eru textarnir oftast en ekki tilgerðarlega drungalegir eins og texti lagsins *Streetlights* sagnar: „Hold tight for heartbreak – buckle up for loneliness“. Þessi lína framkallaði meiri kjánahroll en allir þættirnir af Íslenska bachelornum til samans.

Ritual er plata sem hægt er að hlusta á, jafnvel njóta í smá stund, en meðalmennskan er hreinlega of áberandi. Þegar tæknileg atriði eru betri en sköpunin er eitthvað mikið að.

- afb

WHITE LIES

RITUAL



Dánlóðaðu: *Strangers* og *Turn the Bells*.

HOLLT FERSKT OG ERAMANDI



KJUKLINGA
BORGARI

SAFFERAN

GLÆSIBÆ / DALVEGI 4 KÓP



Framhald af síðu 2

sinni, enda er hann ekki einvaldur. „Maður breytir ekki því sem virkar,“ segir hann. „En við þróum hátíðina alltaf, að einhverju leyti. En það eru engar drastískar breytingar fram undan. Nema að við ætlum að virkja samfélagið á Ísafirði meira með okkur. Við ætlum að halda borgarafund og erum með alls konar hugmyndir sem við ætlum að kynna fyrir bæjarbúum.“

Ertu tilbúinn að upplýsa hvaða hljómsveitir koma fram í ár?

„Nei, uppröðunarnefndin hefur ekki skilað af sér. Ég verð að leyfa þeim að klára það. En þetta er eins og venjulega, mun fleiri vilja vera með en komast að. Við eigum við það lúxusvandamál að stríða. Hljómsveitirnar eru tilbúnar að koma og gefa vinnuna sína. Kannski allt í lagi að taka fram, að það eru allir að gefa vinnuna sína.“

ALDREI! Gríðarleg stemning skapast á Aldrei fór ég suður-hátíðinni á hverju ári eins og þessar myndir sýna.



FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MEIRI AFÞREYING



Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísi.

m.visir.is

Fáðu Vísi í símann og iPad!

visir.is

POP MOLAR

Stórt tónlistarár fram undan

Nú þegar nýtt tónlistarár er rétt að byrja er gaman að skoða hvaða hljómsveitir senda frá sér plötu á árinu. Mínus hóf upptökur á nýrri plötu í fyrra og hljómsveitin stefnir á útgáfu í ár. Forvitnilegt verður að heyra af fraksturinn, en þeir sem sáu hljómsveitina á Iceland Airwaves vita að platan verður ekki hefðbundin Mínusplata. Tónlistin er allt öðruvísi en sú sem hljómsveitin bauð upp á á síðustu plötu, en Mínus hefur svo sem aldrei hræðst breytingar þannig að útkoman er spennandi...

Mammút í hljóðver

Mammút sendi frá sér frábæra plötu árið 2008 nú heyrir að hljómsveitin sé á leiðinni í hljóðver á ný á árinu. Ljóst er að stórt verkefni bíður loðfílsins þar sem síðasta plata var gríðarlegt framfarastökk. Lög á borð við Svefnýkt og Rauðilækur voru á meðal bestu íslensku laga sem komu út árið 2008 þannig að pressan á hljómsveitinni er mikil...

Nýtt frá Benny



Rokk-hljómsveitin Benny Crespo's Gang er einnig að taka upp plötu í þessum skrifuðum orðum og er útgáfa fyrirhuguð á árinu. Hljómsveitin sendi frá sér frábæra plötu árið 2007 og ljóst er að áendur gengisins bíða spennir eftir nýrri plötu. Nýja lagið Night Time lofar allavega góðu...



Bang Gang-plata væntanleg

Hjaltalín er einnig á leiðinni í hljóðver, en síðasta plata, hin risavaxna Terminal, kom út árið 2009. Spurning hvort hljómsveitin drífi í nýrri plötu strax. Svo er Barði í Bang Gang að vinna að nýrri plötu, en hann gaf síðast út Ghosts From The Past árið 2008.

WILCO STOFNAR ÚTGÁFUFYRIRTÆKI

Meðlimir bandarísku hljómsveitarinnar Wilco tilkynntu í vikunni að þeir hefðu yfirgefið útgáfuna Nonesuch Records og stofnað eigið útgáfufyrirtæki: dBpm Records. Nýja útgáfufyrirtækinu verður stjórnað af Tony Margherita, umboðsmanni hljómsveitarinnar.

Wilco gaf út fjórar breiðskífur, tónleikaplötu og DVD-disk hjá Nonesuch Records. Þrátt fyrir að plöturnar hafi selst vel getur

forsprakki hljómsveitarinnar, Jeff Tweedy, ekki beðið eftir að taka við stjórninni á eigin útgáfum. „Okkur finnst mjög þægilegt að gera hlutina sjálfir,“ sagði hann. „Þannig að tilfinningin að eiga útgáfufyrirtæki er góð.“ Óvíst er hvort útgáfa Wilco gefi aðeins út plötur hljómsveitarinnar, eða fleiri hljómsveita. Wilco vinnur nú að nýrri plötu, en sú síðasta kom út árið 2009.

TAKA STJÓRNINA
Wilco-drengir vilja hafa fullkomna stjórn á eigin útgáfum.



Markaðsfræði

Sérnsniðin þjónusta fyrir allar **tegundir** námsmanna.
Námsmenn okkar fá betri **kjör** og **meiri** fríðindi.

Nánari upplýsingar um Námsmannabjónustu Arion banka fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum okkar og á arionbanki.is eða í síma 444 7000.

 Arion banki



duet



Symphony I/O

Opið fyrir ProTools 9, Logic, Sonar, ofl.



one

gerðu tónlist á  makkann þinn

Tonastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is
 Tonastöðin Akureyri • Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185

GRÆJUR

BIRGIR JÓN BIRGISSON ER AÐALMAÐURINN Í SUNDLAUGINNI



Í **SUNDLAUGINNI** Birgir Jón Birgisson er aðalmaðurinn í Sundlauginni í Mosfellsbæ þar sem fjöldi þekktra tónlistarmanna hefur tekið upp.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

BIGGI ER SÁTTUR SUNDLAUGARVÖRÐUR

Biggi Sundlaugarvörður, eða Birgir Jón Birgisson, hefur verið aðalmaðurinn í hljóðverinu Sundlaugin í Mosfellsbæ undanfarin ár. Poppið leit í heimsókn og forvitnaðist um þennan kunna viðkomustað íslenskra tónlistarmanna.

Biggi hefur starfað í Sundlauginni í átta ár, eða síðan 2003. Nokkrum árum áður höfðu strákarnir í Sigur Rós opnað hljóðverið er þeir voru að vinna að svigaplötunni svokölluðu. „Ég var búinn að vera tæknimaður í útvarpi í nokkur ár. Svo var ég að læra í London og var þar þegar Kjartan [Kjartan Sveinsson í Sigur Rós] bauð mér að taka við stúdíóinu,“ segir Biggi, sem er núna eigandi þess ásamt Kjartani. „Þetta er búinn að vera finni tími en þetta hefur breyst rosalega mikið undanfarin áratug, öll stúdíóvinna,“ segir hann og á við að margir taki upp hluta af sinni tónlist heima hjá sér, þó svo að það hafi aðeins verið að færa til baka að undanfögnu.

Eins og gefur að skilja hefur Biggi verið á kafi í græjum undanfarin ár. Hann segist fá mikla útrás fyrir græjuhuga sinn í gegnum vini sína í tónlistinni, þar á meðal Mugison og Pétur Ben. „Þeir leita oft ráða og maður fær að kaupa í gegnum þá. Það er líka hellingur af græjum í stúdíóinu sem maður fær að prófa og fíkt í.“

Hljóðverið er byggt að tölveruð leyti upp á gamalli tækni, þar á meðal gamalli segulbands vél og gömlum hljóðnemum. „Það fara plötur hérna í gegn sem eru næstum því að öllu leyti gerðar eins og þær voru gerðar fyrir þrjátíu árum,“ útskýrir Biggi. „Eins og bransinn byggist upp í dag þá er verið að elta gömlu tækin. Menn eru að búa til nýjar útgáfur af einhverju sem var búið til fyrir fimmtíu árum.“

Sigur Rós hefur tekið upp flestar sínar plötur í Sundlauginni. Á meðal annarra sem hafa tekið þar upp eru Ensími, Seabear, Amiina, Mugison, Ólöf Arnalds og Útúrdúr. Einnig lauk Helgi Hrafn Jónsson nýlega við að taka þar upp.

UPPÁHALDSGRÆJUR BIGGA Í SUNDLAUGINNI

1. Neumann U47-hljóðnemi – „Þabbi allra hljóðnema, hef líklega notað hann í flestum ef ekki öllum „sessjónum“ síðan ég byrjaði í Sundlauginni. Jagger, Lennon, Sinatra og Jónsi.“
2. Culture Vulture-bjögungargræja – „Bjögungur er mikið notuð í hljóðblöndun en tölvur eiga erfitt með að herma eftir þessum „effekt“ á sannfærandi hátt. Þessi græja getur bjargað ýmsu, sérstaklega dauðum og kraftlausum trommum.“
3. AMS RMX16-reverb – „Þetta er eitt af fyrstu stafrænu „reverb“-tækjunum, eldra en fyrstu Apple-tölvurnar og hljómurinn eftir því skemmtilega grófur.“
4. Neve-mixerinn – „Hjartað í Sundlauginni. Hljóðblöndun hefur að stórum hluta fæst inn í tölvurnar en hann er mikið notaður í upptökur. Frábær mixer þrátt fyrir háan aldur.“




Biggi er ánægður með staðsetningu Sundlaugarinnar í Mosfellsbænum og segir kyrrðina og fallegt umhverfið skipta miklu máli. „Kosturinn við þetta stúdíó er að við erum með

glugga á stjórnryminu. Þetta er oft svo niðurgrafið og lokað annars staðar en hérna er allt frekar opið. Það eru allir mjög ánægðir sem koma hingað.“

freyr@frettabladid.is

POPPLEIKUR: LITTLE BIG PLANET 2



EKKERT MÁL Í fyrri leiknum var nánast ómögulegt að gera fljúgandi fyrirbæri. Núna er það ekkert mál, hvort sem það er flugvél eða drekafluga.

FRÁBÆRT GETUR ORÐIÐ ENN BETRA

Það er ekkert grín að gera framhald af vinsælum tölvuleik. Þegar leikurinn er Little Big Planet, einn metnaðarfullsti tölvuleikur síðustu ára, verður verkefnið að enn meiri áskorun. Fyrir þá sem vita ekki hvað Little Big Planet er þá er rétt að rifja það upp. Í hjarta sínu er Little Big Planet einfaldur hopp- og skoppleikur þar sem höfuð-áhersla er lögð á að notendur fái frelsi til að skapa sína eigin leikja-upplifun. Öll borð leiksins voru byggð með tiltölulega einföldum tólum, sem fylgja með leiknum og fengu notendur fullan aðgang að þessum tólum. Því gátu notendur gefið sköpunargáfunni lausan tauminn og búið til sín eigin borð. Þessum borðum var síðan hægt að deila á netinu þar sem aðrir notendur gátu spilað borðin. Síðast þegar að var gáð voru þessi „heimagerðu“ borð orðin yfir tvær milljónir talsins og sú tala hefur

haldið áfram að vaxa jafnt og þétt.

Nú hefur Little Big Planet 2 litið dagsins ljós og er ekki annað hægt að segja en að framleiðendur leiksins hafi betrubætt leikinn á öllum mögulegum sviðum, og var leikurinn nógu góður fyrir. Fyrst ber að nefna að grafíkin hefur verið uppfærð og fá nú áferðir mismunandi hluta að njóta sín mun betur, meira að segja á borðum sem gerð voru í Little Big Planet 1. Næst ber að nefna að tólin sem notendur hafa til að búa til sín eigin borð hafa fengið algera yfirhalningu, enda ekki vanþörf á því þau þóttu nokkuð flókin í fyrri leiknum. Aðgerðir sem tóku mann nokkra klukkutíma áður eru nú afgreiddar á örfáum mínútum

LITTLE BIG PLANET 2

SPILUN

5/5

GRAFIK

5/5

HLJÓÐ

4/5

ENDING

5/5

NIÐURSTAÐA

5/5

og einnig hafa ný tól gert það að verkum að nú geta menn verið enn frumlegri. Undirritaður hefur séð kappakstursleiki, RPG-leiki og meira að segja fyrstu persónuskotleiki sem gerðir eru með Little Big Planet-verkfærnum. Það er hreint ótrúlegt hversu mikið er hægt að gera, og hversu auðveldara allt er orðið.

Little Big Planet 2 er án nokkurs vafa frábær leikur sem getur enst mönnum nær endalaust. Með virku samfélagi sem dælir út

nýjum borðum til að spila án af-láts geta menn bókað það að þeir munu geta notið leiksins lengi og munu samt alltaf vera að sjá eitthvað nýtt, án þess að borga krónu fyrir. Það er dill sem enginn heilvita maður getur hafnað. - vij

POPPLEIKUR: DC UNIVERSE ONLINE



FJÖR Nokkrar upprennandi ofurhetjur takast á við Lex Luthor í DC Universe Online.

BRÓKIN UTAN YFIR BUXURNAR

Fjölsþilunarleikir líkt og World of Warcraft, EVE Online og fleiri álíka leikir hafa löngum verið bundnir við PC-tölvurnar. Það hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til að færa þetta leikjaform yfir á leikjatölvurnar en með misjöfnum árangri. Slíkir leikir eru jafn sjaldgæfir og hvítir hrafnar og því vekur það alltaf athygli þegar þeir koma út. DC Universe Online er slíkur leikur, metnaðarfull tilraun til að gera Playstation 3 eigendum kleift að spila MMO-leik. Eins og nafnið gefur til kynna gerist leikurinn í hinum nördavæna ímyndunarheimi DC Comics þar sem leikmenn skapa sínar eigin ofurhetjur eða ofurskúrka og berjast við hlið Súpermans og Batmans eða þá Lex Luthor og Jókersins. Leikurinn

DC UNIVERSE ONLINE

SPILUN

3/5

GRAFIK

3/5

HLJÓÐ

4/5

ENDING

4/5

NIÐURSTAÐA

3/5

gerist í gríðarstóru borgar-umhverfi þar sem maður getur leyst af hendi ótal verkefni, hitt aðra notendur og tekið þátt í bardögum með öðrum leikmönnum.

Þar sem leikurinn spilast með stýripinna í stað lykklaborðs og músar gefur það auga leið að hann snýst nokkuð meira um hasar heldur en meðal MMO-leikur. Menn styrkja persónur sínar, bæði á líkama og sál, með því að leysa verkefni og fá að launum reynslustig sem þeir geta notað til að gera þær sterkari, fljótari

eða máttugri. Það verður þó að segjast að þessi verkefni verða fljótt einhæf og hafa takmarkað aðdráttarafl.

DC Universe Online er, sem fyrr segir, metnaðarfull tilraun, en því miður hittir hún ekki í mark. Það

er einstaklega pirrandi að fá leik á disk en þurfa engu að síður að hala niður ómældu magni af gögnum til þess eins að geta keyrt upp leikinn. Leikurinn þarf að lágmarki 25 gígabæt af diskaplássi til að geta fúnkerað rétt. 25 gígabæt eru kannski ekki mikið á PC-tölvum með terabæts harða diska en á PS3 þar sem standard diskastærð er 60-120 gígabæt er þetta ansi stór bita af kökunni. Bætum ofan á þetta hinum óumflýjanlega fylgifisk MMO-leikja, föstu áskriftargjaldi, og í svoleiðis tilfellum er það sjálfgefið að aðeins þeir hörðustu munu splæsa í áskriftargjaldið.

Það er þó ekki hægt að neita því að það er vissulega gaman af skapa sína eigin ofurhetju. Skella brókinni utan yfir buxurnar, finna upp fáránlegt nafn og berja á skúrkum Gotham-borgar. Eða þá, séu menn illa innrættir, ganga til liðs við þá. - vij

SONOR

TROMMUR

Fyrir byrjendur og lengra komna meiriháttar úrval

Glæsileg trommudeild stútfull af allskyns slagverkshljóðfærum

Prufuklefi fyrir trommur komdu og prófaðu!

Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áratuga reynslu.

TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 • www.tonastodin.is

Tónastöðin Akureyri • Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185

„ÞAÐ HEFUR BARA EINU SINNI GERST AÐ BLAÐAMAÐUR NME HAFI REYNT AÐ TÆLA OKKUR ÚT Í EITTHVAÐ SEM VIÐ ÆTL- UÐUM EKKI AÐ FARA ÚT Í – EÐA ÞANNIG“

TÓNLISTIN FERÐAST VÍÐAR EN ÉG SJÁLFUR

Breska hljómsveitin The Vaccines sendi frá sér smáskífuna *Post Break-up Sex* á mánudaginn. Samkvæmt sölutölum á miðvikudag náði lagið 17. sæti á breska vinsældalistanum, en endanleg niðurstaða vikunnar kemur í ljós á mánudaginn. The Vaccines er reyndar ekki alveg bresk hljómsveit, því einn fjórði hluti hennar, bassaleikarinn Árni Hjörvar, er jafn íslenskur og skyr, harðfiskur og sjúklegur áhugi á handbolta.

Orð: Atli Fannar Bjarkason

Myndir: Stefán Karlsson

Popp hafði uppi á Árna á hótélherbergi í Los Angeles. Þar dvaldi hann í herbergi númer 818 ásamt félögum sínum í hljómsveitinni, en kvöldið áður höfðu þeir komið fram á vel heppnuðum tónleikum þar sem leikarinn Jake Gyllenhaal og hljómsveitirnar Mumford and Sons og Arctic Monkeys létu sjá sig. Árni og félagar fóru einnig til New York og Toronto og viðtökurnar voru alls staðar góðar.

„Tónleikarnir eru búnir að vera frábærir, það er alls staðar uppselt. Fyndið að koma til Los Angeles og uppgötva að tónlistin hefur ferðast víðar en maður sjálfur. Ég hef aldrei komið hingað,“ segir Árni rámur þar sem partíið eftir tónleika gærkvöldsins varð aðeins lengra en til stóð.

Þegar þú lest þetta eru Árni og félagar komnir aftur til London. Þar taka við alls kyns viðtöl og uppákomur til að kynna smáskífuna, en miklar vonir eru bundnar við The Vaccines. Talað er um hljómsveitina sem eina af vonarstjörnum breska gítarrokksins og breska ríkisútvarpið BBC setti hljómsveitina í þriðja sæti árlegs lista yfir hljómsveitir ársins 2011.

Stærstu tónleikar The Vaccines eru fram undan. Það eru 1.500 manna tónleikar í London. Miðasala hófst á miðvikudagsmorgun og það var uppselt eftir hálf tíma. „Okkur fannst þetta ógeðslega mikið af miðum og vorum þínu stressaður. Í nótt þegar við vorum á leiðinni í háttinn fengum við þessar fréttir og partíið hélt því áfram,“ segir Árni í léttum dúr. „Það er bjart fram undan. Við erum enn þá á þeim stað að nánast allar fréttir sem við heyrum eru góðar og það er mjög þægilegur staður til að vera á. Ég kvíði svolítið fyrir þegar það hættir að vera þannig.“

Áður en Árni flutti til London lék hann á bassa með hljómsveitunum Future Future og Kimono. Hann flutti út fyrir þremur árum, en líf hans á Íslandi var afar fastmót- að áður en sú ákvörðun var tekin. „Ég var með rosalega örugga vinnu, verkefnastjóri í félagsmiðstöð, rosalega örugga íbúð og bíl og eins og ég væri búinn að leggja línurnar fyrir næstu 40 árin,“ segir hann. „Svo hitti ég stelpu sem ég varð rosalega skotinn í og hún var að fara að flytja til Frakklands eftir þrjá mánuði. Hún hafði þau áhrif á mig að ég ákvað að fara. Ég ætlaði aldrei að vera lengur en í ár. Mig langaði að prófa að búa einhvers staðar annars staðar.“

Árni hafði tekið sér ársleyfi frá vinnu og stefndi ávallt á að snúa heim að því loknu, en þegar árið var liðið hringdi hann í vinnuveitenda sinn og sagðist ekki vera á leiðinni heim í bráð. „Þetta voru allt kjánalegar ákvarðanir. Ég var á algjörlega hausnum og foreldrar mínir höfðu geðveikislegar áhyggjur af því að ég átti ekki fyrir mat. En ég sé ekkert eftir þessu. Ég var forvitinn um hvernig breska tónlistarsenan er og langaði að vita hvort ég gæti haft áhrif á hana.“

Framhald á næstu opnu



**FULL BÚÐ
AF NÝJUM
VÖRUM**

Borðstofuhúsgögn **Nýjar sendingar**

Hvíldarstólar **Nýjar sendingar**
Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum

Sófar **Nýjar sendingar**
Hornsófar
Sófasett **Ný sending frá Ítalsofa**
Svefnsófar

skovby
Afar vönduð dönsk húsgögn - Mikið úrval

Útsala

afsláttur af öllum vörum
í versluninni
Komdu og gerðu frábær kaup!



Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16**

www.valhusgogn.is

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





TÖKUM HÖNDUM SAMAN OG STYÐJUM STRÁKANA OKKAR TIL SIGURS!

Hringdu núna í síma **907 1020** og þú styrkir HM liðið okkar  um 2.000 kr.

Framhald af síðu 9



Í BRANSANUM Í LONDON Árni og félagar í The Vaccines hita upp fyrir Arcade Fire í sumar.

Þrátt fyrir að The Vaccines sé ennþá tiltölulega lítil hljómsveit þá hafa Árni og félagar haft meiri áhrif en hann gat búist við þegar hann flutti til London. Hljómsveitin hefur birst á forsiðu breska tónlistartímaritsins NME og komið fram í þætti Jools Holland, sem er eflaust sá virtasti á sínu sviði í Bretlandi.

Árni hitti strákana sem eru með honum í The Vaccines fljótlega eftir að hann flutti til Bretlands. Í september árið 2009 hringir svo söngvarinn Justin Young í hann og spyr hvort hann vilji stofna með sér hljómsveit og Árni slær strax til. Árni hefur svo

samband við Freddie Cowan sem gengur til liðs við þá og skömmu síðar bættist trommarinn Pete Robertson í hópinn. „Þetta er ótrúlega klassísk hljómsveitarsaga – það er engin róm-antík í henni,“ segir Árni. „Þetta var ógeðslega gaman strax. Við trúðum mikið á þetta verkefni frá byrjun. Í maí í fyrra vorum við byrjaðir að vinna með umboðsmönnum okkar, sem eru alveg stórkostlegir. Þeir plötuðu okkur út í að taka heimskulegustu ákvörðun í heimi og hætta öllu, fara beint inn í æfingahúsnæði og vera þar. Við hættem allir í vinnunni og hættem að gera allt. Við áttum bara smá peninga sem við höfðum safnað

„Þegar þetta gerðist þá fór af stað tölvupóstabrálæði á milli okkar allra vegna þess að við vorum svo ánægðir með að Liam Gallagher hafi heyrt um okkur,“ segir hann, „En það er eiginlega koss dauðans fyrir hljómsveitir ef Liam Gallagher líkar við þær því hann kann að meta lélega tónlist. Það er frekar ömurlegt að fá hrós frá honum. Söngvarinn okkar er reyndar mikill Oasis-aðdáandi frá því í gamla daga, þannig að hann var smá full. En hann gerði reyndar ekki ráð fyrir því að Liam Gallagher myndi kunna að meta okkur. En ég held að það sé öllum sama um hvað aumingja karlinn segir í dag.“

„ÞEIR PLÖTUÐU OKKUR ÚT Í AÐ TAKA HEIMSKULEG-USTU ÁKVÖRÐUN Í HEIMI OG HÆTTA ÖLLU, FARA BEINT INN Í ÆFINGAHÚSNÆÐI OG VERA ÞAR. VIÐ HÆTTUM ALLIR Í VINNUNNI OG HÆTTUM AÐ GERA ALLT.“

til að geta borgað leiguna og svo-leiðis. Svo þurftum við að sníkja tvö pund af hver öðrum til að komast í strætó. Við vorum átta tíma á dag í æfingahúsnæðinu og svona tvo, þrjá mánuði.“

Platan What Did You Expect From The Vaccines? varð til á þessum tíma og hljómsveitin samdi þá einnig við Columbia-útgáfurisann, sem gefur plötuna út í mars. Árni og félagar eru því starfandi tónlistarmenn í dag, en hann neitar þó að þeir séu byrjaðir að fljúga um á fyrsta farrými milli landa og árétta að þeir þurfi enn þá að dvelja á ódýrustu hótélunum sem þeir finna. Hann bætir þó við að það hafi verið erfitt að finna ódýr hótélherbergi í Los Angeles, þar sem þau séu einfaldlega ekki til.

Hróður The Vaccines hefur borist víða. Uppselt hefur verið á tónleika hljómsveitarinnar víða í Bretlandi og þegar það gerist byrja tónlistarpressan þar í landi að spyrja stórlaxana um nýju gaurana og hvað þeir vilja upp á dekk. Oasis-bróðirinn Liam Gallagher var á dögnum spurður álits um The Vaccines og svarið hans var einfalt: „Mér finnst hljómsveitin leiðinleg.“ Árni segist ekki hafa tekið þessi ummæli nærri sér. Hann var þvert á móti ánægður með að gamli karlinn hefði heyrt um The Vaccines.

Umrætt viðtal við Gallagher var í NME, en eins og fyrr segir var The Vaccines á forsiðu blaðsins á dögnum. Breska pressan seilst oft langt út á grá svæði, en Árni segir þá félaga hafa verið heppna með NME. „Það hefur bara einu sinni gerst að blaðamaður NME hafi reynt að tæla okkur út í eitthvað sem við ætluðum ekki að fara út í, eða þannig,“ segir hann. „Þeir voru mjög þægilegir í forsiðuviðtalinu. Eina sem er leiðinlegt er að þeir reyna oft að fá mann til að tala rosalega illa um annað fólk, sérstaklega önnur gítarbönd. Þá langar svo mikið í slag. Þeim hefur ekki tekist það hingað til og ég vona að þeim takist það ekki í framtíðinni. Þetta er svo kjánalegt.“

Næstu skref The Vaccines hafa verið ákveðin og þau eru ekki slæm. Fram undan eru tónleikar í sumar á fjölmörgum hátíðum í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. Þá kom í ljós í vikunni að hljómsveitin verður ein af upphitunarhljómsveitum á stórtónleikum Arcade Fire í Hyde Park í sumar. „Við verðum auðvitað fyrstir á svið og spilum kannski bara fyrir þá 200 sem koma til að vera fremstir á Arcade Fire – en þetta verður engu að síður vangefið. Ég hlakka geðveikt til, þetta verður ógeðslega gaman.“



BJÖRGVINS ÞÁNL

NOW virkar vel fyrir mig!

„NOW eru klárlega fæðubótarefni í landsliðsklassa fyrir alla íþróttamenn. Mæli sterklega með þessum vörum fyrir þá sem leita eftir styrk, úthaldi og snerpu – þær virka vel fyrir mig.“



NOW - Fullkomin lína af íþróttafæðubótarefnum – fáanleg í verslunum um allt land



Gæði • Hreinleiki • Virkni



Talsetningarnámskeið

Langar þig að talsetja teiknimyndir?

Hefur þig alltaf langað til þess að sýna hvað í þér býr? Nú er tækifærið því við erum að fara af stað með námskeið í talsetningu teiknimynda. Undanfarin ár höfum við staðið fyrir námskeiðum í talsetningu fyrir börn, unglinga og fullorðna við góðar undirtektir. Mörg þeirra barna og unglinga sem sótt hafa námskeið hjá okkur í talsetningu hafa fengið tækifæri til að tala inn á teiknimyndir, bæði fyrir sjónvarp og kvikmyndir.



Námskeið fyrir fullorðna

Næsta námskeið byrjar 12. febrúar og stendur til 26. febrúar 2011.

Fjöldi kennslustunda: 10
Hámarksfjöldi í hóp: 12
Tími: Laugardagar kl. 10:30 – 13:30

Verð: 29.900 kr.

Barna og unglinganámskeið

Námskeið fyrir börn og unglinga hefst 1. febrúar og standa til 5. apríl 2011.

Fjöldi kennslustunda: 10
Tími: Þriðjudagar kl. 17:15 – 19:15 og 19:30 – 21:30
Hámarksfjöldi í hóp: 12
Aldur: 9 - 13 ára og 14 - 18 ára

Verð: 29.900 kr.



Hljóðvinnslunámskeið


Áttu hugmynd að lagi?

Nú er tækifærið til að koma því á varanlegt form. Á námskeiðinu er farið skref fyrir skref í gegnum ferlið að taka upp lag frá hugmynd að lokaútgáfu.

Notast verður við sýndarhljóðfæri (virtual instruments) til þess að búa til undirleik, því næst er hljóðfæraleikur og söngur tekinn upp ofan á undirleikinn.

Kennslan fer fram í tölvuveri Sýrlands sem er útbúið 20 nýjum Apple tölvum og hefur því hver og einn nemandi aðgang að Pro Tools á meðan á kennslu stendur.

Leitast er við að hafa námskeiðið sem líkast því sem gerist í einföldum heimastúdíóum og því notast við mbox, einfalda hljóðnema, heyrnartól og tölvu. Nauðsynlegt er að nemandur hafi aðgang að Pro Tools 8 eða ofar.



Pro Tools - Frá hugmynd að lagi

Námskeiðið er kennt í 5 lotum á laugaradögum (4 klukkustundir í senn) 12. febrúar til og með 12. mars

Fjöldi kennslustunda: 20
Tími: Laugardagar kl. 11:00 – 15:00
Hámarksfjöldi: 20

Verð: 49.900 kr.

Nánari upplýsingar á heimasíðu Sýrlands, www.syrland.is eða í síma 563-2910.

Skráning er hafin og er hægt að senda tölvupóst á bokanir@syrland.is eða hringja í síma 563-2910



Mikið úrval
af hágæða
verkfærum frá

JONNESWAY®
PROFESSIONAL TOOLS SERIES



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000
www.stilling.is • stilling@stilling.is

Stilling
ára
50

BÍÓ

12 • POPP

FRUMSÝND Í FEBRÚAR: BLACK SWAN



SVÖRT HROLLVEKJA UM BALLETTDANSARA

Black Swan var tilnefnd til Óskarsverðlauna í vikunni og verður frumsýnd í næstu viku. Myndin er eftir leikstjórnann Darren Aronofsky, sem gerði meðal annars hinar frábæru The Wrestler og Requiem for a Dream. Það þarf því engan stjarneðlisfræðing til að finna út að Black Swan er engin venjuleg

bíómynd um tiplandi ballerínu. Natalie Portman og Mila Kunis leika aðalhlutverkin í myndinni sem er jafn hrollvekjandi og hún er fögur.



POPPDÓMNEFNDIN

MAMMA

Er þetta ballettmynd? Ég ætlaði nú alltaf að senda þig í ballett en þú varst ekki til í það. Mér finnst að þú eigir að sjá þessa mynd til að sjá af hverju þú misstir – allar sætu stelpurnar og fallegu danssporin. Sumir segja reyndar að þetta sé ekkert svo geðsleg mynd, en hún fjallar um ballett og hlýtur því að vera falleg.



VINURINN

Þegar ég sá fréttina um að Mila Kunis og Natalie Portman myndu leika í kynlífsenu byrjaði biðin hjá mér. Myndin fjallar reyndar um ballerínu, en það hlýtur að vera í lagi. Þær eru fáránlega flottar. Annars lofar leikstjórninn góðu, enda The Wrestler og Requiem for a Dream frábærar myndir.



BÍÓNÖRDINN

Ótrúleg mynd. Alveg mögnuð. Í fyrstu telur maður að það sé búið að plata mann á mynd um ballett en Black Swan er eitthvað allt annað. Natalie Portman og Mila Kunis standa sig frábærlega og uppbygging myndarinnar, úr hamingju í hrollvekju er mögnuð. Enn ein rósín í hnappagat Aronofskys.



STELPAN

Þetta er alls ekki hefðbundin stelpumynd eins og einhverjir gætu haldið, en ég verð að sjá hana. Myndin breytist fljótt í Svanavatnið sem er upphaldsballettinn minn og það er magnað að sjá hversu vel Natalie Portman fer með persónu sína, sem er alvarlega veik á geði og versnar bara eftir því sem líður á myndina.



PATTINSON VILL LEIKA BUCKLEY

Robert Pattinson úr Twilight-myndunum hefur mikinn áhuga á því að leika tónlistarmanninn sáluga Jeff Buckley í væntanlegri kvikmynd um ævi hans.

Pattinson er sagður áfjádur í að leika Buckley og hefur gert allt sem í hans valdi stendur til að hreppa hlutverkið. Leikarinn og fólkið í kringum hann vonast einnig til að frammistaða hans sem Buckley tryggi honum Óskarstilnefningu og um leið meiri virðingu innan kvikmyndabransans. „Ég hef hitt leikara sem hafa áhuga á hlutverkinu og Robert var einn þeirra,“ sagði framleiðandi myndarinnar, Michelle Sy.

Jeff Buckley var rísandi stjarna í tónlistarheiminum þegar hann druknaði árið 1997. Hann hafði gefið út hina vel heppnuðu plötu Grace og var með nýja í undirbúningi, My Sweetheart the Drunk. Eitt þekktasta verk Buckleys er útgáfa hans á Hallelujah, lagi Leonard Cohen.

Mary Guibert, móðir Buckleys, tekur þátt í framleiðslu myndarinnar um son hennar og er ánægð með að Pattinson sé orðaður við hlutverkið. „Robert er góður leikari af ungu kynslóðinni. Það er mikill



ROBERT PATTINSON Twilight-leikarinn vill leika tónlistarmanninn Jeff Buckley.



heður að hann skuli vera orðaður við hlutverkið.“

Frumnýning myndarinnar er fyrirhuguð árið 2013 og tókur hefjast hugsanlega næsta sumar.



skemmtilega

skemmtikraftar i febrúar

BOARDWALK
EMPIRE

GREY'S
ANATOMY

TVÍMÆLAUST

glee

BOARDWALK EMPIRE



**ALGJÖR
SVEPPI**

LOGI Í
BEINNI

MANNASIDIR
GILLZ



**Fylgir frítt með
Stöð 2 í febrúar**

Fyrir
229
krónur
færð þú:



TERTUSNEIÐ Í BAKARÍ



6 MÍNÚTUR Í KEILU



EINN BARNAÍS



VHS SPÓLU Í KOLAPORTINU



FRÁBÆRA SKEMMTUN Í HEILAN SÓLAR- HRING FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bío og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag. **Tryggðu þér áskrift í dag!**

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR **BÍÓ** **BÍÓ** **EXTRA** **EXTRA** **AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.**

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

4% af 100 mögulegum fær Season of the Witch á vefsíðunni Rotten Tomatoes.

ÍSLENSK TÓNLIST Í VERSTU MYND ÁRSINS

Nicholas Cage er ekkert sérstaklega góður í að velja góðar myndir til að leika í. Hann hefur allavega ekki verið það upp á síðkastið. Nýjasta myndin hans, Season of the Witch, fær hræðilega dóma og nú dregur hann Íslending með sér í svaðið.

Tónskáldið Atli Örvarsson samdi tónlistina fyrir kvikmyndina Season of the Witch með Nicholas Cage í aðalhlutverki. Atli hefur verið að gera góða hluti síðustu ár, en tónlistin hans nær þó ekki að rífa upp myndina sem hefur fengið hrikalega dóma vestanhafs.

Season of the Witch fær aðeins 4% af 100 mögulegum á vefsíðunni Rottentomatoes.com, sem tekur saman gagnrýni frá nokkrum af helstu kvikmyndagagnrýnendum Bandaríkjanna. Aðeins fjórir segja myndina ferska en 90 segja hana hreinlega rotta.

Svipað er uppi á teningnum á vefsíðunni Meta Critic, sem þjónar sama tilgangi og Rotten Tomatoes. Þar fær Season of the Witch aðeins 28 af 100 mögulegum. Í dómi tímaritsins Rolling Stone kemur meðal annars fram að brellurnar í myndinni séu

hræðilegar og að kvikmyndin sjálf sé hryllingur, hvorki meira né minna.

Atli Örvarsson hefur samið tónlist fyrir fjölmargar kvikmyndir og sjónvarpsþætti á síðustu árum. Hann samdi tónlistina í Hollywood-kvikmyndunum The 4th Kind og The Eagle of the Ninth. Þá samdi hann tónlist fyrir þættina

Law and Order á síðasta ári, sem eru Íslendingum að góðu kunnir.



Alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 11.00 til kl. 14.30

Alvöru helgar-Brunch

Frítt fyrir fyrstu 10!
Í janúar bjóðum við fyrstu 10 gestunum sem koma í húsið frían Brunch. Taktu daginn snemma og þú sparar!

Nú er kominn tími á alvöru helgar-brunch:

Steikt beikon, spælt egg, steiktur pylsur, pönnukökur með sírópi, grillaður tómatur, kartöfluteningar, ristabrauð, ostur, marmelaði, sneiðar af ferksum ávöxtum, ávaxtasafi og te eða kaffi. Ötrúlega gómsæt byrjun á góðum degi.

Verð kr. 1.590 pr mann

50% afsláttur fyrir börn undir 12 ára.



Flóridana



Grillhúsið Sprengisandi og Tryggvagötu - Sími 5275000 - www.grillhusid.is

Í DAG OG Á MORGUN
LAUGARDAG

ALLT AÐ
FIMMTÍU
PRÓSENTA
AFSLÁTTUR

AF SÝNINGARVÖRUM

Hans J. Wegner
Borge Mogensen
Arne Jacobsen
Erik Magnussen
Philippe Starck
ofl.



POP



5 GÓÐ RÁÐ

FYRIR ÞJÓÐINA
TIL AÐ SÆTTA
SIG VIÐ ENGIN
VERÐLAUN Á HM

1 Skoða heimslistann í fótbolta. Við erum númer 113 þar. Því er ástæða til að fagna ógurlega 5.-6. sætinu í handbolta. Ská!

2 Átta sig á minnkuðu flækjustigi vegna verðlaunaleysis. Fálkaorðurnar eru búnar, Dorrit búin



með öll sterkustu lýsingarorðin og við þurfum ekki að þramma niður á Arnarhól um hávetur til þess að taka á móti strákunum okkar.

3 Kenna Austur-Evrópu um allt. Passa sig á að horfa á engar endursýningar af leikjum og líta svo á að dómaranir sem dæmdu hjá okkur í milliriðlinum, sem allir voru frá Austur-Evrópu, hafi flautað okkur úr keppni. Þetta ráð hefur dugað vel til að takast á við pirring vegna Eurovision. Þeir allra framtakssömustu geta farið að múra upp í vegginn.

4 Horfa á Liverpool-leik... og þakka fyrir strákana okkar.

5 Kæra framkvæmd mótsins Augljóslega sást á myndum að völlurinn var ekki nægilega vel stúkaður af og leikmenn voru númeraðir. Ef dómstólar dæma ekki okkur í hag og láta endurtaka mótið þá getum við bara hugsað vel og lengi um stjórnlagaþingið. Allt svekkelsi hverfur um leið.



Samsung GALAXY 5



Vertu með Netið
í símanum
0 kr. í dag föstudag*

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ

*Miðast við notkun innanlands, 100 MB innan dagsins.

Auglýsingasími

512 5411

POP